

Ed.

175. Frumvarp til laga

[111. mál]

um ábyrgðarheimildir og greiðsluheimildir vegna lántöku Framleiðsluráðs landbúnaðarins.

(Lagt fyrir Alþingi á 102. löggjafarþingi 1979—80.)

1. gr.

Fjármálaráðherra fyrir hönd ríkissjóðs er heimilt að ábyrgjast með sjálfskuldarábyrgð lán allt að 3 000 m.kr. sem Framleiðsluráð landbúnaðarins hyggst taka á árinu 1980. Lánið má vera verðtryggt miðað við lánskjaravísitölu eða jafngildi allt að 3 000 m.kr. í erlendri mynt og tekur ábyrgðin jafnt til greiðslu afborgana, vaxta, verðbóta og annars kostnaðar. Lánstími og kjör öll á láninu skulu samþykkt af ríkisstjórn áður en frá lántöku er gengið.

Með sama hætti er fjármálaráðherra heimilt að ábyrgjast lán er tekin kunna að verða til framlengingar láni skv. 1. mgr.

2. gr.

Verði heimild til greiðslu útflutningsbóta skv. 12. gr. laga nr. 101/1966, um Framleiðsluráð landbúnaðarins o.fl., eigi fullnýtt, er ríkisstjórninni heimilt að greiða úr ríkissjóði til lækkunar láni skv. 1. gr. upphæð þá sem á vantar til þess að hámarki útflutningsbóta verði náð. Að öðru leyti annast ríkissjóður afborganir, vexti og kostnað allan af láni þessu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Á síðasta verðlagsári urðu bændur fyrir mjög verulegri tekjuskerðingu vegna óverðtryggðs útflutnings búvara. Til viðbótar þessari tekjurýrnun hafa bændur orðið fyrir miklu tjóni vegna harðindanna í vor og sumar. Vandí bændu er því mjög mikill.

Í málefnasamningi ríkisstjórnarinnar er kveðið svo á, að til að bæta bændum óverðtryggðan útflutning landbúnaðarvara frá síðasta verðlagsári verði útvegaðar 3 000 m.kr. Frumvarp það sem hér er lagt fram er til framkvæmda á þessum ákvæðum málefnasamningsins.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Gert er ráð fyrir því, að Framleiðsluráð landbúnaðarins taki lán að upphæð 3 000 m.kr. og bæti með því verð á útfluttum sauðfjár- og nautgripaafurðum verðlagsárið 1978—1979. Ríkissjóður ábyrgist lántöku þessa með sjálfskuldarábyrgð.

Þar sem eigi er um það vitað til hve langs tíma lán það verður, sem hér um ræðir, er fjármálaráðherra heimilað að veita ábyrgð á láni sem tekið kann að verða til framlengingar láni því sem hér um ræðir.

Um 2. gr.

Framleiðsluráð landbúnaðarins mun greiða bændum andvirði láns skv. 1. gr. sem uppbætur á verð. Ákvæði 2. gr. gera heldur ekki ráð fyrir því að Framleiðsluráð endurgreiði lánið af eigin fé. Við það er miðað að innan tíðar skapist nokkurt svigrúm innan þess ramma er lög nr. 101/1966 setja um útflutningsbætur og losni þar með fé er nota megi til endurgreiðslu lánsins.